

Ályktun um stöðu opinberra framkvæmda vegna Covid

„Þegar fyrirséð var að áhrif Covid-19 yrðu mikil á íslenskt samfélag boðaði ríkisstjórnin opinbert fjárfestingaráttak. Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu þann 30. mars þar sem fjármála- og efnahagsráðherra var falið að framkvæma margvísleg verkefni á sviði viðhalds og endurbóta fasteigna sem og nýbygginga. Í heild sinni var 17.936 m.kr. fjárheimild veitt til átaksins. Hins vegar er staðan sú að fjárfestingar ríkissjóðs og sveitarfélaganna hafi ekki aukist í takt við þær yfirlýsingar. Samiðn ítrekar áskorun sína til stjórnvalda að standa við orð sín og auka verulega umsvifin í opinberum framkvæmdum sem allra fyrst.

Að sama skapi þurfa sveitarfélögin að tryggja að hægt sé að fara með hraðari hætti í uppbyggingu á íbúðarhúsnæði enda fyrirséður skortur næstu misserin. Ef horft er á byggingarmarkaðinn þá er fækkun á íbúðarbyggingum á undirbúnings- og byggingastigi. Á sama tíma hefur fasteignamarkaðurinn verið líflægur, mikil sala fasteigna sem hefur leitt til þess að fasteignaverð hefur hækkað töluvert síðustu misserin. Hætt er við því að verulegur skortur verði á framboði á íbúðarhúsnæði á næstu árum nema gripið verði til ráðstafana sem auka framboð íbúða. Samiðn hvetur sveitarfélög til að bregðast skjótt við og liðka fyrir aukinni nýbyggingu íbúðarhúsnæðis.“

Reykjavík, 8. desember 2020